

<b>Dags. fundar:</b> 31. ágúst 2015	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 53
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson.	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Dómaralistar og meðlimir í facebookhópi sunddómara.
2. Dómaranámskeið.
3. LEN Seminar, dómaranámskeið erlendis og sundmót erlendis.
4. Vefsíðan
5. Önnur mál.
  - a. Dómaramál með þjálfurum.
  - b. Fundardagar inn í atburðardagatal
  - c. Aðstaða dómara í Laugardalslaug
  - d. Boðleiðir.
  - e. Tillaga að atburðardagatali.
  - f. Nýtt fólk í nefndina.

**Viðstaddir:** Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Jón Hjaltason, Viktoría Gísladóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir og Hilmar Th. Björgvinsson.

**Boðaði forföll:** Ólafur Baldursson og Elsa María Guðmundsdóttir..

**Dagskrá:**

1. Farið var yfir dómaraalista fyrir sundárið 2015-2016. Nú þegar hafa nokkrir dómara óskað eftir því að verða teknir út af listanum og einnig munu dómara verða teknir af listanum vegna óvirkni. Einnig var farið yfir facebookhóp sunddómara en þar eru sundmenn líka skráðir en hópurinn var ekki hugsaður nema fyrir dómara til að miðla milli þeirra ýmsum fróðleik.
2. Dómaranámskeið voru ákveðin: miðvikudaginn 21. október 2015 í Hafnarfirði í tengslum við SH Extra, miðvikudaginn 24. febrúar 2016 í Reykjavík í tengslum við Fjölismót, miðvikudaginn 4. maí 2016 í Keflavík í tengslum við Landsbankamót ÍRB og fimmtudaginn 19. maí 2016 í tengslum við Vormót Breiðabliks. Ólafur Baldursson hefur reiknað með að vera með námskeið á Akureyri og einnig að koma að fræðslu á Austurlandi. Þar sem nefndin hefur lagt mikla vinnu í samræma kennsluefni er enn og aftur lögð áhersla á að ekki séu gefin leyfi til félaga til að halda dómaranámskeið nema rætt sé við nefndina.
3. SSÍ er að skoða hvort sendur verður dómari til setu á LEN Seminar sem halda á í Kýpur eða á dómaranámskeið í Kausas í Litháen. Verði valið að senda dómara til Kýpur eykur það verulega líkur á því að sá hinn sami komi til greina sem dómari á stærri mót LEN og FINA í framtíðinni. Mun sá dómari sem fer á annan hvorn atburðinn halda fyrirlestur í nóvember á ÍM25. Nefndin óskar eftir að kannaður verði sá möguleiki að senda alþjóðlega dómara/ræsi til starfa á Norðurlandameistaramóti sem haldið verður í Noregi 10.-13. desember 2015.

4. Á heimasíðu SSÍ vantar enn nýjar sundreglur FINA sem breyttust á síðasta sundári, fundargerðir nefndarinnar síðan í mars 2015 svo og fleiri gögn. Hver sér um uppfærslu á skjölum inn á vefsíðuna?
5. **a.** Dómaranefnd óskar eftir að stjórn SSÍ kynni á formannafundi þann möguleika að haldin verði kynning á helstu sundreglum fyrir þjálfara félaganna.
- b.** Dómaranefnd óskar eftir að fundardagar nefndarinnar verði settir inn á atburðardagatal SSÍ en nefndin mun funda síðasta mánudag í hverjum mánuði kl. 17.15, í september, október, nóvember, janúar, febrúar, mars, apríl og maí. Óvíst er með fundardaga í desember, júní, júlí og ágúst.
- c.** Nefndin spyr hvort SSÍ geti beitt sér fyrir því að aðstaða sem til er í kjallararými Laugardalslaugar verði tekið í notkun sem rými fyrir dómara. Þörf er á betra rými þar sem hægt sé að geyma ýmis gögn tengd mótahaldi, setja upp skápa (t.d. körfuskápa) o.fl. Umrætt rými er í dag nýtt sem geymsla.
- d.** Nefndin hefur áður bókað um boðleiðir (sjá fundargerð nr. 51) og vill bæta við að nefndinni þyki nauðsyn að allar upplýsingar um breytingar á sundreglum sem berast inn á skrifstofu SSÍ verði sendar til nefndarinnar sem fyrst. Það hefur ansi oft gerst að breytingar berast eftir krókaleiðum til nefndarinnar og stundum eru breytingarnar komnar inn á borð alþjóðlegra dómara sem fá upplýsingarnar frá sínum kunningjum í dómarastörfum erlendis!
- e.** Nefndin óskar skýringa á dagsetningum ÍM25, 3.-5 mars 2017 og ÍM50, 29. júní – 2. júlí 2017 í tillögu að atburðardagatali fyrir sundárið 2016-2017 (skjal dags. 27. ágúst 2015 á vefsíðu SSÍ). Bent er á að eigi að halda ÍM50 um mánaðarmótin júní/júlí verði að gera ráðstafanir með lönghum fyrirvara til að dómgæsla fái á mótið. Ekki sé um hefðbundin mótatíma að ræða á Íslandi og nær allir sunddómarar hættir að hugsa um sundmót. Síðasta sundmót sem sunddómarar hafa í huga er AMÍ/UMÍ sem árið 2017 er hugsað helgina áður.
- f.** Að lokum eru Hilmar Th. Björgvinsson frá ÍRB og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir frá Ægi boðin velkomin til starfa í dómaranefnd.

**Fundi slitið** kl: 19.00. **Næsti fundur:** mánudaginn 28. september 2015, kl. 17.15 í Laugardalslaug.